

Sviðsljós

Borgarskjalasafn leitar einkaskjala

Borgarskjalasafn Reykjavíkur undirbýr tvær sýningar um Reykjavík og Reykvíkinga lýðveldisárið 1944. Til viðbótar skjölum um starfsemi bæjarstofnana vill safnið sýna skjöl sem varpa ljósi á daglegt líf og venjur bæjarbúa. Borgarskjalasafnið leitar því eftir einkaskjöllum í víðtækri merkingu, t.d. launamiðum, dagbókum og heimilisbókhaldi.

Á þessu ári munu söfn og menningarstofnanir Reykjavíkurborgar minnst fimmtíu ára afmælis íslenska lýðveldis með ýmsum hætti. Borgarskjalasafn Reykjavíkur vinnur nú í samvinnu við Árbæjarsafn og Lýðmyndasafn Reykjavíkurborgar að tveimur sýningum um Reykjavík árið 1944. Til að draga upp trúverðuga mynd af Reykjavík á lýðveldisárinu er nauðsynlegt að sýna fleiri skjöl en þau sem hafa orðið til í starfi Reykjavíkurbæjar. Borgarskjalasafnið leitar því eftir skjölum frá einkaaðilum til varðveislu eða láns. Safninu þætti mikill fengur í heimilisbókhaldi, dagbókum minningarbókum, bréfum og bréfasöfnum, vegabréfum, vinnu- og stflabókum og skóla- og

fréttablöðum nemenda. Einnig er óskað eftir skjölum í enn víðtækari merkingu, t. d. bíomiðum, bíóprógrömmum, hljómleikaprógrömmum, bæklingum og auglýsingapésnum, jólakortum, afmæliskortum, póstkortum, pöntunarlistum, launamiðum og kvittunum, t.d. fyrir keyptar vörur, húsaleigu o.s.frv.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur hefur starfað síðan 1954 og varðveitir skjöl og önnur gögn sem hafa að geyma upplýsingar um starf og sögu borgarinnar og borgarstofnana. Einnig á safnið rétt á að fá til varðveislu skjöl félaga og samtaka sem njóta styrks af opinberu fé og starfa innan safnasvæðisins. Borgarskjalasafnið tekur einnig fúslega við einkaskjöllum er varða reykivíska sögu hvort heldur frá einstaklingum eða félögum og fyrirtækjum.

Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að varðveita upplýsingar um daglegt líf og heimilishætti Reykvíkinga. Hún skorar því á alla sem hafa einhver gögn undir höndum sem veita upplýsingar um líðna tíð að hafa samband við Borgarskjalasafnið í Skúla-túni 2. Það sem mönnum hefði einu sinni þótt ómerkilegt væru oft dýrgripir í dag, ómetanlegar heimildir hefðu oft glatast við hugsanalitlar tiltektir.

Frekari upplýsingar gefa Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður og Páll Einarsson safnvörður í síma 632370.



Jóhannes Sveinsson Kjarval
Ragnheiður Jónsdóttir
Sólveig Aðalsteinsdóttir

Mynd: Ól.P.

Þrjár myndlistarsýningar að Kjarvalsstöðum

Á laugardaginn kemur, 19. febrúar, opna þrjár myndlistarsýningar að Kjarvalsstöðum.

Sólveig Aðalsteinsdóttir sýnir skúlptúra. Hún er fædd í Reykjavík árið 1955 og stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og svo framhaldsnám í New York og Hollandi. Hún hefur haldið sex einkasýningar í Reykjavík, á Ísafirði og í Sviss og tekið þátt í samsýningum víða um heim.

Skúlptúrar Sólveigar eru á margan hátt ögrun við hefðbundið gildismat áhorfandans þar sem efniviður þeirra er oft og einnig það sem flokka má undir úrkast eða úrgang neyðslusamfélagsins. Í þeim er hvorki að finna marmara né brons og hvorki eðalmálma né eðalsteina. Form þeirra er hvorki upphafin mynd af afmörkuðum veruleika né úthugsuð ímynd eða

stíll og þeir eru lausir við þá áru heilagleikans sem hin heilaga kirkja listarinnar sveipar listmunina á markaðstorginu og er til þess fallin að veita okkur falsa öryggistilfinningu. Í vandaðri sýningarskrá, sem gefin er út með sýningunni, ritar Ólafur Gíslason um Sólveigu og list hennar.

Ragnheiður Jónsdóttir er fyrir löngu kunn sem ein af okkar fremstu grafíklistakönnum, en á undanföllum árum hefur hún ekki síður verið að hasla sér völl sem teiknari og hefur um nokkurt skeið aðallega fengist við það viðkvæma efni, viðarkol. Á sýningunni að Kjarvalsstöðum gefur að líta afrakstur undanfarinna missera þar sem Ragnheiður hefur markvíst unnið að því að þróa og víkka út teikningar sínar. Ragnheiður er fædd í Reykjavík árið 1933 og stundaði nám við Myndlistaskólann í Reykjavík og framhaldsnám í Kaupmannahöfn og París. Hún hefur haldið 15 einkasýningar í Reykjavík, Hollandi, Svíþjóð, Danmörku, Kanada og Ísafirði og tekið þátt í fjölda samsýninga um allan heim.

Þriðja sýningin sem opnar á Kjarvalsstöðum um helgina er svo sýning á verkum Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals, en sýningar á verkum hans eru fyrir löngu orðnar fastur liður í starfsemi Kjarvalsstaða. Að þessu sinni getur að líta úrval málverka úr eigu Kjarvalssafns. Þau eru flest frá seinni hluta ferils Kjarvals og gefa innsýn í hin fjölbreytilegu stílbrögð hans og hæfileika til að túlka og skilgreina á persónulegan hátt viðfangsefni sín samtímis að skírskota til íslenskrar þjóðtrúar og menningararfleiddar.

Sýningarnar eru opnar daglega frá kl. 10 - 18 og standa til 27. mars, en Kjarvalssýningin til 8. maí.




Tilveran og ég

Svo sem alþjóð veit eru spilafíklar þeir vandræðamenn, sem hæst er hampað á Íslandi. Hvergi er svo aumur félagsskapur eða lágkúrulegur útvarpsþáttur að hann yti ekki undir fíknina á einn eða annan hátt. Hapdrætti eru feykivinsæl enda vinnur aldrei neinn þar svo þetta er tiltölulega örugg fjárfesting. Og útvarpsþættir sumra stöðva eru ljóslega ekkert annað en auglýsingar fyrir hinar og þessar vörurnar. Hringdu og svaraðu þrem spurningum rétt eða vitlaust og þú ert búinn að vinna þér inn pizzuveislu fyrir fimm með kóglasi, frönskum og rófustöppu. (Merkilegt annars að þessi ágæti stafur setan, sem úthýst var úr íslensku ritmáli fyrir mörgum árum, upplifir renaissance í og með sigurgöngu ítalsks bændaréttar á íslenskrum grund um leið og flestir málsmetandi menn landsins gera hróp að bændum og þeirra lífsstíl. Ég er sannfærður um að einhver tenging er þarna einhvers staðar, ég veit bara ekki hvar.) Og ef þú getur síðan svarað aukaspurningu þannig að ekki er ljóst hvort svarið var í tengslum við spurninguna þá færðu húfu sem lítur út eins og hrásalat.

Raunar er unnt að vinna margt annað. Óskubakkar, námskeið í frá hverfri athugun, fótanudd, einkasýningar indverskrar prinsessu og gerfífls hennar, postulínsmálum og skreyttar sápur. Slíkar og þvífíkar hörmungar geta yfir þig dunið ef þú gæpst til að hringja í einhvern þáttinn. Eins og ekki sé nóg á mann lagt með Davíð í stjórnarráðinu og Hrafn í sjónvarpinu.

Nú og svo er Háskólinn rekin af spilafíklum og sömuleiðis björgunar sveitir landsins, íþróttafélög, mannúðarsamtök og félag til styrktar einfættum þróstum. Og það merkilega er að þó svo það vinni aldrei neinn í þessum kössum, lottóum, getraunum og skafniðum, þá blómstrar starfsemi. Allir kaupa allt, meira að segja keðjubréf eru seld dýrum dómum núna gegn loforði um að viðkomandi fái fleiri milljónir eftir nokkrar vikur. Og þessu trúir fólk! Það þarf ef til vill ekki að undra að bækur um Nostradamus, fljúgandi furðubomsur og ósjálfráða skrift, skuli seljast. Það koma þær stundir að ég held að myrkríð hafi verulega sett mark sitt á þjóðarsálinu.

Fólk heldur raunverulega að það geti unnið. Ég sá þetta vel þegar ég vinnu minnar vegna þurfti að fara í sjöppu einn miðvikudag þegar fyrsti vinningur í Víkingalottóinu var þrefaldur. Ég hélt fyrst að það hefðu brotist út óeirðir þegar ég nálgadist sjöppuna. Byltingin langþráða var kannski að hefjast. Þegar ég kom nær datt mér einna helst í hug að Húsmæðrafélag Reykjavíkur væri með útifund. Það var örtröð í sjöppunni og á torginu fyrir framan. Allar húsmæður hverfisins í slitnum ullarinniskómur hengu á annarri, keðjureykjandi og glaseygðar og tróðust áfram í von um að ná að kassanum fyrir lokun. Auðvitað náðu þær allar, lögðu undir mjólkurpening barnanna og töpuðu öllu. Sálfræðingurinn vinur minn segir að þetta sé sexuellt. Ég veit það ekki en líft var nú freistandi að taka þátt í þessari orgíu.



Starfsfólk LA í uppþafi leikárs. Mynd: Páll A. Pálsson.

Blómlegt leikhúslíf á Akureyri: Tvær leiksýningar á fjölnunum

Leikfélag Akureyrar sýnir um þessar mundir tvö leikrit á tveimur sviðum. Annarsvegar eru það „Góðverkin kalla“ eftir höfundana Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.

Þetta er hláturvænn gamanleikur með söngvum fyrir alla fjölskylduna, sem var frumsýndur á júlum í Samkomuhúsinu í leikstjórn Hlínar Agnarsdóttur. Nú leikarar taka þátt í sýningunni og hefur henni verið vel tekið. Sýningum fer nú að ljúka, þar sem rýma þarf sviðið fyrir næstu uppfærslu leikfélagsins, sem er „Óperudraugurinn“ eftir Ken Hill í leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur. Síðustu sýningar í „Góðverkum“ verða nú um helgina og þá næstu 25. og 26. febrúar.

Hitt leikritið sem leikfélagið sýnir heitir „Barpar“. Sú sýning fer fram í „Þorpinu“, nýju leikhúsi í Glerárþorpi. Akureyringar og nærsveitarmenn kunna vel að meta leikritið, því nær uppselt hefur verið á flestar sýningarnar hingað til. Með 14 hlutverk í verkinu fara þau Sunna Borg og Þráinn Karlsson.



Hannes Lárusson áritar blöðru á Mokka

Mánudaginn 14. febrúar s.l. opnaði Hannes Lárusson sýningu á Mokka við Skólavörðustíg. Þetta er ellífta einkasýning Hannesar, en hann hefur einnig tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hér heima og erlendis.

Verkin á þessari sýningu, sem ber heitið „Giftingar“ tengjast líftækni, sýndarveruleika, handverki og rými ásamt þjóðfélags- og menningarlegum frumöflum. Eitt helsta einkenni sýningarinnar er fjöldinn allur af ápentudum og uppblásnum blöðrum sem hanga niður úr lofti kaffihússins, en þær eru einnig til sölu óuppblásnar fyrir andvirði eins kaffibolla.

Á sýningartímanum verður listamaðurinn staddur á Mokka á þriðjudögum og fimmtudögum milli klukkan 14:30 og 15:30 og blæs þá upp og áritar umræddar blöðru. Sýningunni lýkur 13. mars n.k.

Hannes Lárusson í blöðruverki sínu á Mokka. Ljós: Ól.P.

